



Reykjavík 10. maí 2019

Sent sveitarstjórnnum, fræðslu- og skólastjórnendum

1609007SA SI

Málalykill: 04.20

**Efni:** Upplýsingar til sveitarfélaga vegna starfsnámsárs kennaranema og námsstyrki

Reykjavík, 10. maí 2019

Hrundið hefur verið af stað aðgerðum mennta- og menningarmálaráðherra í því skyni að fjölga kennurum á leik- og grunnskólastigi. Aðgerðirnar eru fimm og hafa þrjár þær fyrstu áhrif strax:

1. Launað starfsnám á lokaári M.Ed. náms
2. Námsstyrkur til kennaranema á lokaári M.Ed. náms
3. Styrkur til starfandi kennara sem hyggja á nám í starfstengdri leiðsögn

Unnið hefur verið að útfærslu starfsnámsárs kennaranema í samstarfi mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands, Menntavísindasviðs HÍ og kennaradeildar Háskólans á Akureyri. Því samkomulagi er m.a. ætlað að stuðla að starfsöryggi kennaranema á vettvangi, tryggja þeim faglega leiðsögn reyndra kennara og svigrúm til þess að þeir geti lokið námi sínu á tilsettum tíma.

Meðfylgjandi eru upplýsingar um fyrirkomulag starfsnámsársins sem varpa ljósi á ábyrgð og skyldur þeirra sem koma að útfærslu og framkvæmd starfsnáms kennaranema.

#### **Helstu atriði sem hafa þarf í huga við ráðningu starfsnámsnema**

1. Kennaranemi er ráðinn í starfsnámsstöðu á grundvelli gildandi laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu og reglugerð nr. 440/2010, sem fjallar um störf og starfshætti undanþágufndar. Lögin kveða á um skyldu til auglýsingar lausra starfa (einu sinni eða tvisvar eftir atvikum) og sækja þarf um undanþágu fyrir þá til kennslu.

*Ljóst er að aflétta hefði þurft auglýsingaskyldu og undanþáguferli vegna kennaranema í starfsnámi þar sem lokaárið á vettvangi er nú skilgreindur hluti náms til M.Ed. gráðu með tilvísun til aðgerða stjórnvalda í menntámálum. Um ráðningu kennaranema á lokanámsári þurfa því að gilda sérákvæði í lögum svo ekki verði um íþyngjandi aðgerð að ræða fyrir nemana, stjórnendur skóla og/eða vinnuveitendur. Því miður vannst ekki tími til þess að koma bráðabirgðaákvæði þess efnis í gildandi lög. Nýverið mælti hins vegar menntamálaráðherra fyrir frumvarpi til laga um menntun,*

*hæfni og ráðningu sem ætlað er að taka við af gildandi lögum um menntun og ráðningu. Það er því mikilvægt að í frumvarpið komi bráðabirgðaákvæði um slíkar undaþágu-heimildir vegna ráðningar kennaranema á lokanámsári án auglýsingar og milliliðalaust og nái a.m.k. yfir það tímabil sem aðgerðum stjórnvalda í menntamálum er ætlað að taka til. Sambandið mun tala fyrir því þegar umsögn þess um frumvarpið verður fylgt eftir í Allsherjar- og menntamálanefnd á næstu dögum.*

2. Kennaranemi er ráðinn í ½ stöðu að lágmarki við leik- og/eða grunnskóla sem metin er til 30 ECTS eininga. Hann stundar bóklegt nám samhliða sem leiðir til fullgildra kennsluréttinda. Mikilvægt er að kennaranemar fái svigrúm til þess að sinna námi sínu samhliða starfi.

3. Kennaranemi á rétt á leiðsögn reynds kennara í að lágmarki 6 klukkustundir á mánuði. Ein aðgerða menntamálaráðherra felur í sér að styrkja starfandi kennara til náms í starfstengdri leiðsögn við HÍ eða HA.

4. Kennaranemi nýtur fullra réttinda og sinnir skyldum skv. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og skrifar undir ráðningarsamning því til staðfestu.

5. Sveitarfélag getur tekið um það ákvörðun að ráða kennaranema í 50% starfshlutfall sem viðbótarstarfskraft fyrir skóla og stendur straum af þeim kostnaði.<sup>1</sup>

Samningsaðilar eru að vinna á vettvangi SNS og KÍ að útfærslu launaröðunar og starfsheitis *leiðsagnarkennari*.

Að öðru leyti er vísað í gögn meðfylgjandi þessu bréfi. Á það skal bent að mennta- og menningarmálaráðherra hefur skipað sérstaka ráðgjafarnefnd til fimm ára (sbr. kafla 7) vegna innleiðingar og eftirfylgni með aðgerðum til að auka nýliðun kennara. Nefndin veitir ráðgjöf komi upp einhver álitamál og kemur að lausn mála með viðkomandi aðilum.

Hægt er að senda tölvupóst til formanns nefndarinnar á meðfylgjandi netfang: [postur@mrn.is](mailto:postur@mrn.is)

Virðingarfyllst  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

---

Svandís Ingimundardóttir  
skólamálafulltrúi

---

<sup>1</sup> Svf. eða skólar gætu t.a.m. ráðið starfsnámsnema sem aðstoðarkennara með umsjónarkennara í bekk og fækkað stuðningsfulltrúum á móti.





## Fyrirkomulag launaðs starfsnáms kennaranema

### *Hlutverk og ábyrgð*

Með launuðu starfsnámi og námsstyrkjum til kennaranema vegna lokaverkefnis leggja stjórnvöld áherslu á að kennaranemar helgi sig náminu, ljúki því á tilsettum tíma og hefji störf í leik- eða grunnskóla að því loknu. Með starfsnámi á 5. ári er ætlunin að efla tengsl kennaramenntunar við starfsvettvang og auka færni nýrra kennara til að takast á við áskoranir kennarastarfsins til framtíðar í þágu barna og ungmenna. Starfsfólk móttökuskóla ber í sameiningu ábyrgð á móttöku kennaranema og leggur sig fram um að styðja við þátttöku þeirra í lærdómssamfélagi leik- og grunnskóla.

### **1. Launað starfsnám á lokaári kennaranáms**

- 1.1. Leik- og grunnskólakennaranemar á lokaári til M.Ed. gráðu við háskóla sem menntar kennara eru í 50% launuðu starfsnámi við leik- eða grunnskóla á lokaári kennaranáms.
- 1.2. Þegar gengið hefur verið frá ráðningarsamningi við kennaranema heldur hann stöðu sinni út það skólaár. Ráðning kennaranema er alla jafna frá 1. ágúst til 31. júlí.
- 1.3. Launað starfsnám er metið til 30 ECTS eininga.

### **2. Hlutverk og ábyrgð háskóla**

- 2.1. Háskóladeild ber faglega ábyrgð á starfsnámi kennaranema á lokaári. Hæfniviðmið í náminu ásamt námsmati eru skilgreind í kennsluskrám háskólanna.
- 2.2. Háskólar vinna að því með sveitarfélögum að útvega kennaranemum launað starfsnám, sbr. gr 5.1.
- 2.3. Háskólar bera ábyrgð á námskeiðum sem tilheyra launuðu starfsnámi og taka til viðfangsefna skólastarfs.
- 2.4. Umsjónarkennarar námskeiða eða verkefnisstjórar eru í tengslum við kennaranema, leiðsagnarkennara þeirra á vettvangi og skólastjórnanda leik- og grunnskóla og boða til samráðsfunda eftir þörfum.
- 2.5. Leiðbeinendur kennaranema í lokaverkefnum leggja áherslu á hagnýta tengingu þeirra við starf á vettvangi.
- 2.6. Háskólar greiða leik- og grunnskólum samkvæmt samningi vegna leiðsagnar við kennaranema í launuðu starfsnámi yfir skólaárið.

### **3. Hlutverk og ábyrgð kennaranema**

- 3.1. Kennaranemi skráir sig að vori í námskeið á lokaári tengd vettvangsnámi og tilkynnir þá að hann muni sækjast eftir launuðu starfsnámi á komandi hausti. Nánari útfærsla á þessu ferli verður mótuð innan háskólanna.
- 3.2. Kennaranemi hefur frumkvæði að því að leita að kennarastöðu og ræður sig til starfa að fenginni staðfestingu háskóla um að staðan uppfylli skilyrði um launað starfsnám sbr. grein 3.5.

- 3.3. Fáir kennaranemi ekki stöðu sem uppfyllir skilyrði um launað starfsnám og ekki hefur tekist að útvega honum launað starfsnám í samvinnu háskóla og sveitarfélaga sbr. gr. 2.2 og 5.1 getur hann leitað til ráðgjafarnefndar vegna innleiðingar og eftirfylgni aðgerða sbr. gr. 7.2.
- 3.4. Kennaranemi skrifar undir ráðningarsamning og ber ábyrgð og sinnir skyldum til jafns við þá sem þar starfa sem kennarar. Um ábyrgð og skyldur fer skv. ákvæðum kjarasamninga leik- og grunnskólakennara við Samband íslenskra sveitarfélaga eða rekstraraðila.
- 3.5. Kennaranemi í launuðu starfsnámi sinnir kennslu og menntun leik- og/eða grunnskólabarna á grundvelli sérhæfingar í námi, auk þess fær hann tækifæri til að takast á við önnur verkefni er tengjast kennarastarfinu.
- 3.6. Kennaranemi ber ábyrgð á starfi sínu, námi og verkefnum á vettvangi. Hann sækir kennslustundir í háskóla og fundi vegna námsins, námskeiða og lokaverkefni.
- 3.7. Kennaranemi er ábyrgur fyrir námsframvindu sinni á lokaári kennaranáms.
- 3.8. Ef upp koma aðstæður á samningstíma sem hindra að kennaranemi geti sinnt námi eða starfi sínu með fullnægjandi hætti eða vandi kemur upp í samskiptum skóla og kennaranema skal kennaranemi gera verkefnisstjóra háskóla viðvart og leita þeir lausna í samstarfi við skólastjórnanda og leiðsagnarkennara.

#### **4. Hlutverk og ábyrgð skólastjórnenda og leiðsagnarkennara**

- 4.1. Skólastjórnandi í samvinnu við háskóla ber ábyrgð á skipulagi starfsnáms á vettvangi og vinnuramma kennaranema.
- 4.2. Skólastjórnandi í umboði sveitarfélags gerir ráðningarsamning við kennaranema.
- 4.3. Skólastjórnandi velur leiðsagnarkennara með hliðsjón af sérhæfingu kennaranemans eftir föngum. Leiðsagnarkennari hafi leyfisbréf og æskilegt að hann hafi þriggja ára starfsreynslu. Kostur er að leiðsagnarkennari hafi lokið námskeiðum í starfstengdri leiðsögn.
- 4.4. Skólastjórnandi gætir þess við skipulagningu skólastarfs að kennaranemi geti sinnt námi sínu og lokaverkefni samhliða starfi.
- 4.5. Kennaranemi á rétt á bæði faglegri og persónulegri leiðsögn hjá leiðsagnarkennara sem nemur að lágmarki 6 klst. á mánuði.

#### **5. Hlutverk og ábyrgð sveitarfélaga**

- 5.1. Sveitarfélög vinna með háskólum að því að útvega kennaranemum launað starfsnám sbr. gr. 2.2.
- 5.2. Samband íslenskra sveitarfélaga kynnir sveitarfélögum og skólastjórnendum fyrirkomulag launaðs starfsnáms og leggur áherslu á mikilvægi þess að ráða kennaranema til starfa.

#### **6. Hlutverk og ábyrgð Kennarasambands Íslands**

- 6.1. KÍ kynnir félagsmönnum fyrirkomulag launaðs starfsnáms og leggur áherslu á mikilvægi kennaranema í skólasamfélaginu.
- 6.2. KÍ upplýsir kennaranema í launuðu starfsnámi um ábyrgð sína og skyldur gagnvart þeim og stendur vörð um hagsmuni þeirra, leiðsagnarkennara og skólastjórnenda.
- 6.3. Kennaranemar í launuðu starfsnámi verða fullgildir félagar í aðildarfélögum KÍ á ráðningartímanum og njóta sömu réttinda og aðrir félagar.

#### **7. Hlutverk og ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis**

- 7.1. Ráðherra mennta- og menningarmála skipar ráðgjafarnefnd vegna innleiðingar og eftirfylgni aðgerða til að auka nýliðun kennara. Ráðgjafarnefndin fylgir verkefninu eftir í samræmi við skilgreint hlutverk hennar í skipunarbréfi.
- 7.2. Ráðgjafarnefndin kemur að lausn mála komi upp vandkvæði við að útvega kennaranema starfsnám eða framkvæmd þess að öðru leyti og ekki tekst að leysa málið, sbr. gr. 5.1 og 2.2.



## Námsstyrkir vegna aukinnar nýliðunar kennara

### *Skilyrði styrkveitinga*

#### **Námsstyrkur til kennaranema vegna vinnu við lokaverkefni**

Nemendur á lokaári meistaranáms til kennsluréttinda á leik- og grunnskólastigi geta sótt um námsstyrk vegna 30 ECTS eininga lokaverkefnis frá og með hausti 2019. Markmið styrksins er að auðvelda nemendum að sinna lokaverkefnum sínum og skapa hvata til þess að þeir útskrifist með kennsluréttindi á tilsettum tíma. Styrkurinn nemur alls 800.000 kr. og greiðist í tvennu lagi, 400.000 kr. þegar staðfesting liggur fyrir að nemandi hafi lokið gerð verkefnisáætlunar og seinni hlutinn, 400.000 kr. þegar nemandi hefur skilað lokaverkefni og brautskráðst með kennsluréttindi.

Nemandi sækir um styrk til þess háskóla sem hann stundar nám við. Styrkir eru greiddir út á þriggja mánaða fresti, þ.e. 10. október, 10. janúar, 10. apríl og 10. júlí og greiðir háskóli styrkina inn á bankareikning viðkomandi umsækjanda. Réttur til að sækja um síðari hluta námsstyrksins fellur niður ef kennaranemi útskrifast ekki innan 18 mánaða frá móttöku fyrri hluta styrksins.

#### **Námsstyrkur til kennara sem leggja stund á nám í starfstengdri leiðsögn**

Starfandi kennarar sem leggja stund á viðbótarnám á meistarastigi í starfstengdri leiðsögn við Menntavísindasvið Háskóla Íslands eða Kennaradeild Háskólans á Akureyri geta sótt um námsstyrk. Styrkurinn er að hámarki 150.000 kr. og er greiddur út í tveimur hlutum, fyrri hluti styrksins, 75.000 kr. er greiddur út þegar staðfesting liggur fyrir að nemandi hafi staðist próf á fyrstu námsönninni og seinni hlutinn, 75.000 kr. þegar staðfesting liggur fyrir frá háskóla að nemandi hafi lokið námi og brautskráðst. Réttur til að sækja um seinni hluta styrksins fellur niður ef kennari útskrifast ekki innan 24 mánaða frá því að hann innritaðist í námið.

Forsenda styrkveitingar er að skólastjóri styðji umsókn viðkomandi kennara í námið. Umsókninni þarf m.a. að fylgja staðfesting skólastjórnanda á að umsækjandi sé starfandi kennari við viðkomandi skóla og að skólastjóri telji mikilvægt að viðkomandi kennari sérhæfi sig í starfstengdri leiðsögn. Áhersla er lögð á jafna dreifingu umsækjenda milli skóla og landshluta. Nemandi sækir um námsstyrkinn til þess háskóla þar sem hann stundar námið.